

## BARNAHÚFUR

Vídd: 46 50 cm

### EFNI

#### **Álafoss Lopi - 100 g dokkur**

litur 0051 hvítur 50 g

litur 9118 vínrauður 50 g

Sokkprjónar og stuttur hringprjónn nr 6



### PRJÓNFESTA

13 L og 18 umf slétt prjón á prjóna nr 6 = 10 x 10 cm.  
Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

### AÐFERÐ

Eyrnahlífarnar eru prjónaðar fram og til baka. Húfan er prjónuð í hring, fyrst með hringprjóni og síðan með fimm prjónum þegar lykkjum fækkar í úrtöku.

### EYRNAHLÍFAR

Fitjið upp 3 L með hvítu á prjóna nr 6. Prjónið 2 umf slétt prjón (slétt frá réttu og brugðið frá röngu). Aukið út 1 L í byrjun og enda 2. hvernar umferðar (fyrir innan fyrstu og síðustu lykkju), alls 5 sinnum (=> 13 L báðar stærðir). Prjónið slétt prjón alls 14 (16) umf frá uppfittjun og endið frá röngu. Ef vill er hægt að prjóna munstur skv meðfylgjandi teikningu en ath. að hafa böndin fyrir framan þegar prjónað er frá röngu. Prjónið tvær eyrnahlífar.

### HÚFA

Prjónið aðra eyrnahlífina. Fitjið upp 20 (24) L (framhluti húfu), prjónið seinni eyrnahlífina og fitjið upp 8 (10) L (afturhluti húfu) 54 (60) L. Tengið í hring og prjónið 1 umf slétt. Prjónið munstur skv teikningu. Ath. að tígla munstrið er 10 umf en hjörtun aðeins 8 umf. Prjónið alls 16 (19) umf frá eyrnahlífum (þar með talið munstur). Prjónið stjörnuúrtöku, þ.e. takið úr 7 (6) sinnum með jöfnu millibili yfir umferðina. Takið úr í hverri umf. og ath að lykkjum fækkar um eina á milli úrtaka í hverri umf. Þegar 5 L eru eftir er prj 3 (5) umf slétt (tota ofan á kollinum). Slítið frá og dragið bandið í gegnum lykkjurnar. Gangið frá endum og heklið eina umf fastahekl meðfram brúnum húfunnar. Böndin eru heklud í sömu umf og fastalykkjurnar með því að hekla 30 (35) cm lengju með loftlykkjum neðst á eyrnahlífar og hekla síðan fastlykkjur til baka að eyrnahlífinni.

